

Ed.

516. Nefndarálit

um frv. til laga um beitumál.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég hef ekki getað fallizt á afgreiðslu hv. meiri hluta nefndarinnar í þessu máli. Ber þar sérstaklega á milli, að meiri hl. vill fela Fiskifélagi Íslands alla framkvæmd laganna, en ég tel nauðsynlegt, að sérstök nefnd, skipuð fulltrúum þeirra aðila, sem beinna hagsmuna hafa að gæta um þetta mál, hafi það sem sérstakt starf og beri ábyrgð á því gagnvart umbjóðendum sínum. Fiskifélag Íslands getur hins vegar ekki talizt umbjóðandi fyrir nema nokkurn hluta þeirra manna, sem hér um eiga beinna hagsmuna að gæta.

Í frv. er gert ráð fyrir, að fimm manna nefnd fjalli um þessi mál, og sé hún auk fulltrúa ríkisstjórnarinnar, skipuð eftir tilnefningu þessara aðila: Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sambands isl. samvinnufélaga og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Meiri hl. sjútvn. vill fella þessa nefnd alveg niður og fela Fiskifélaginu einu framkvæmdina. Ég tel hins vegar, eins og áður segir, að sérstök nefnd þurfi að fjalla um þetta, en álit, að hún eigi ekki að vera skipuð fulltrúum eigenda frystihúsanna, sem auðvitað hafa tilhneigingu til að selja hina frystu beitu sem hæstu verði, heldur — auk fulltrúa ríkisstjórnarinnar — aðeins fulltrúum kaupenda beitunnar, sem leiti með venjulegum hætti viðskiptasamninga við eigendur frystihúsanna. Legg ég því til, að nefndin sé skipuð aðeins þremur mönnum: einum án tilnefningar, einum eftir tilnefningu Fiskifélagsins og einum eftir tilnefningu Alþýðusambandsins.

Í tillögum millipinganefndar í sjávarútvegsmálum, sem þetta frumv. er byggt á, er gert ráð fyrir, að beitunefnd geti, ef hún telur þörf á, sjálf annazt frystingu beitu, og sé henni þá heimilt, með samþykki ráðherra, að „leigja, kaupa eða byggja hús og tæki til síldarfrystingar og síldargeymslu“, enda heimilist þá ríkisstjórninni að ábyrgjast 500 þús. króna lán til þess stofnkostnaðar og 200 þús. króna rekstrarlán.

Í frv. er tekin upp heimild til handa beitunefndinni til að „frysta eða láta frysta síld til beitu“, án þess að nokkur fjárráð fylgi, sem geri slíkt framkvæmanlegt.

Ég tel nauðsynlegt, að beitunefndin hafi í bakhöndinni úrræði, sem grípa megi til, ef samningar við eigendur frystihúsanna reynast torveldir. Hins vegar er vafasamt, að rétt sé, að sett sé á laggirnar sérstök stofnun, sem hafi það verkefni eitt

að frysta beitu. Tel ég heppilegra, ef til þarf að taka, að ráðherra geti lagt fyrir síldarverksmiðjur ríkisins að annast frystinguna, enda ábyrgist þá ríkissjóður stofnkostnað, eins og gert er ráð fyrir í tillögum milliþinganefndarinnar, en verk-smiðjurnar yrðu eftir sem áður einfærar um rekstrarfé.

Þá tel ég, að mat á beitunni verði öruggara, ef það er falið sérstökum beitu-matsmönnum, sem beitunefnd bendir á.

Samkv. framansögðu legg ég til, að frumv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „fimm manna“ komi: þriggja manna.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar beitunefnd til tveggja ára í senn. Skipar atvinnu-málaráðherra einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Hinir tveir skulu skipaðir, annar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn eftir til-nefningu Fiskifélags Íslands.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ef beitunefnd telur nauðsynlegt og gerir um það tillögur, getur ráðherra lagt fyrir stjórn síldarverksmiðja ríkisins að reisa og reka í sambandi við síldarverksmiðjurnar frystihús til frystingar beitu.

Ef til slíkra framkvæmda kemur, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán, sem kann að verða tekið vegna byggingar frystihússins, þó ekki hærrí fjárhæð en 500 þús. kr.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „metin og vottorð“ komi: metin af beitungsmanni og vottorð hans.
5. Við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Lögreglustjóri á viðkomandi frystingarstöð skipar beitungsmenn, eftir tillögu beitunefndar. Annast þeir starf það o. s. frv.

Alþingi, 17. nóv. 1944.

Steingr. Aðalsteinsson.